

Borgarbyggð
Digranesgötu 2,
310 Borgarnesi

Garðabær, 3. september 2025
202506-0121/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga - Endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar vegna tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025–2037 sem barst Náttúruverndarstofnun 24. júní 2025. Í skipulagsvinnunni felst heildarendurskoðun á gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins, þar sem mótuð er framtíðarsýn um landnotkun, byggðapróun, samgöngur og nýting náttúruauðlinda til ársins 2037.

Skipulagssvæðið nær til alls sveitarfélagsins Borgarbyggðar, sem spannar víðfeðmt landsvæði með fjölbreytt landslag, verndarsvæði, vistkerfi og byggðakjarna. Í greinargerð kemur fram að markmið endurskoðunarinnar sé m.a. að samræma skipulagsáætlanir sveitarfélagsins, taka afstöðu til uppbyggingar íbúða- og atvinnusvæða, orkunýtingar, skógræktar og samgangna, auk þess sem stefnt er að því að styrkja vernd náttúru og líffræðilegan fjölbreytileika.

Náttúruverndarstofnun fagnar því að í endurskoðuðu aðalskipulagi Borgarbyggðar sé lögð áhersla á náttúruvernd og líffræðilegan fjölbreytileika. Jákvætt er að líffræðilegur fjölbreytileiki sé skilgreindur sem stefnumarkandi markmið og að sett sé fram stefna um endurheimt vistkerfa, einkum votlendis og birkiskóga. Þá er jákvætt að tekið sé mið af friðlýstum svæðum og friðlýsingaráformum, að kortlögð séu takmörk fyrir vindorkuuppbyggingu með hliðsjón af verndarsvæðum og að skógrækt sé skilgreind með skýrum reglum, m.a. um að hún megi ekki raska vistgerðum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Náttúruverndarstofnun telur þessi atriði vera mikilvægan grunn sem þarf að útfæra skýrt í aðalskipulaginu til að markmið þess um náttúruvernd nái fram að ganga.

Friðlýst svæði

Hvanneyri – Andakíll

Hvanneyri var fyrst friðlýst sem búsvæði árið 2002 en árið 2011 var búsvæðið stækkað og fékk nafnið Andakíll. Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands fjölbreytts votlendis og búsvæða fjölmargra fuglategunda. Andakíll er Ramsar-svæði, sem þýðir að öll nýting á svæðinu skal vera með sjálfbærum hætti og vernda votlendi svæðisins sem er mikilvægt lífsvæði fyrir fugla á lands- og heimsvísu. Einnig er með

friðlýsingunni tryggt aðgengi almennings að landsvæðinu til náttúruskoðunar og fræðslu. Enn fremur er markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á búsvæði fugla og votlendi.

Fyrir liggur Stjórnunar – og verndaráætlun 2019 -2028 fyrir verndarsvæði í Andakíl¹

Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir framtíðarsvæði til þróunar byggðar á Hvanneyri og skólafarmsemi þar til framtíðar. Ekki er þó gert ráð fyrir að svæðið fari í uppbyggingu á skipulagstímabilinu, nema að undangenginni stefnumörkun um þróun svæðisins, hámarksfjölda íbúða, þéttleika, ásynd, yfirbragð og græn svæði. Jafnframt segir að slík umræða fari fram samhliða gerð deiliskipulags og breytingu á skilmálum þessa efnis í aðalskipulagi. Í því samhengi er tekið fram að líta þurfi til ákvæða friðlýsingar Andakíls og að við frekari stefnumótun skuli fjalla um áhrif stefnumörkunar á verndargildi svæðisins, búsvæði fugla og svæði sem fuglar nýta til fæðuöflunar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að friðlýsingarskilmálar þurfa að vera grunnforsenda allrar stefnumótunar um þróun svæðisins. Öll áform eða stefna um uppbyggingu geta ekki gengið gegn friðlýsingunni, enda hefur hún lagalegt gildi samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sérstaklega þarf að tryggja að áhrif á búsvæði fugla og vistkerfi friðlandsins verði metin áður en tekin er ákvörðun um frekari þróun byggðar á Hvanneyri. Þá er jafnframt brýnt að í skipulagsferlinu verði tryggt virkt samráð við Náttúruverndarstofnun, sem umsagnaraðila um framkvæmdir á friðlýstum svæðum, sbr. 37. gr. laga nr. 60/2013.

Náttúruverndarstofnun er leyfisveitandi innan friðlandsins og allar framkvæmdir sem hafa í för með sér jarðrask eða breytingar á svæðinu eru háðar leyfi stofnunarinnar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í friðlýsingarskilmálum.

Húsafellsskógur

Í vegaskrá er skráður vegur í gegnum Húsafellsskóg sem er friðlýstur. Um er að ræða gamla þjóðleið sem hefur ekki verið nýtt til akandi umferðar um langt skeið, heldur þróast yfir í útivistarleið fyrir gangandi, ríðandi og hjólandi vegfarendur. Hún er mjög þröng og óhentug fyrir bílaumferð og á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að halda vélknúnni umferð frá svæðinu til að tryggja öryggi og vernd. Það að færa þessa leið aftur inn á vegaskrá myndi rýra gildi svæðisins sem friðlands, auka hættu á utanvegaakstri í andstöðu við 31. gr. náttúruverndarlaga og ganga gegn stefnu sveitarfélagsins um að efla útivistarmöguleika. Eðlilegast er því að skilgreina þessa leið eingöngu sem útivistastíg en ekki sem veg.

Friðlýst svæði – Borgarvogur (fyrirhuguð friðlýsing)

Í greinargerð kemur fram að unnið hafi verið að friðlýsingu Borgarvogs en að ferlið hafi verið í bið á meðan sveitarfélagið mótar stefnu um íbúðabyggð vestan vogsins.

Stefnt er að því að Borgarvogur verði friðlýstur á skipulagstímanum, í samráði við Umhverfisstofnun (þarf að breyta í Náttúruverndarstofnun). Náttúruverndarstofnun (áður

¹ <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Stj%c3%b3nunar-%20og%20verndar%c3%a1%c3%a6tlun%20fyrir%20verndarsv%c3%a6%c3%b0i%c3%b0%20c3%ad%20Andak%c3%adl%20m%20undirritun.pdf>

Umhverfisstofnun) bendir á að stofnunin ber ábyrgð á friðlýsingarferlinu samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun lagði mat á verndargildi svæðisins við undirbúning friðlýsingar árið 2020. Þar segir m.a. að Borgarvogur hafi bæði mikið staðbundið verndargildi og verndargildi sem hluti af stærra svæði, þ.e. mikilvægu fuglasvæði. Borgarvogur er hluti af stærri órjúfanlegri vistfræðilegri heild og hefur hátt verndargildi í því samhengi og því ber að varast að leggja eingöngu mat á Borgarvog sem afmarkaða heild og slíta hann úr fyrrgreindu samhengi. Jafnframt er þó ljóst að Borgarvogur hefur hátt verndargildi sem líklega stærsta gulförungaleira landsins og nýtur verndar sem slíkur þ.e. sem svæði á náttúruminjaskrá og svæði sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Í greinargerð segir jafnframt að við friðlýsinguna skuli „taka tillit til væntanlegrar uppbyggingar á þéttbýli vestan við voginn og notkun svæðisins sem útivistarsvæðis“.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þetta orðalag er mjög opið og óljóst.

Í greinargerð er kemur fram að áhrif íbúðabyggðar vestan við Borgarvog verði neikvæð (Tafla 6). Á svæðinu eru vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar á meðal votlendisvistgerðir. Með uppbyggingu mun núverandi gróður og jarðvegur hverfa og votlendisbúsvæðum lífvera verða raskað. Þá er tekið fram að svæðið sé mikilvægt fuglasvæði og að fuglar í fjörunni og á leirum í Borgarvogi verði að öllum líkindum fyrir ónæði af völdum byggðar og umferðar. Einnig er bent á að lífríki í voginum geti orðið fyrir áhrifum vegna skertrar miðlunar næringarefna út í sjó.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægt er að skipulagsvinna og uppbygging vestan vogsins rýri ekki verndargildi svæðisins, þar með talið sem fuglabúsvæði og útivistarsvæði. Þá þarf einnig að meta sérstaklega hugsanleg áhrif innviðaframkvæmda, s.s. brúargerðar, á verndargildi vogsins áður en ákvörðun er tekin um uppbyggingu.

54. gr. náttúruverndarlaga

Náttúruverndarstofnun vill benda á mikilvæði þess að tillagan taki tillit til 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað sé um í tillögunni hvort landnotkun og framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæði. Þetta getur m.a. átt við byggingar, skógrækt, landgræðslu og efnistöku. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að vistkerfi og jarðmyndanir sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóti sérstakrar verndar. Þar á meðal eru votlendi, birkiskógar, hraun, gervígígar, fossar og aðrar jarðmyndanir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3.

mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í skipulagsgögnum er tekið fram að forðast skuli röskun á þessum vistgerðum og jarðmyndunum nema brýna nauðsyn beri til. Jafnframt er vísað til þess að settir séu almennir skilmálar fyrir landbúnaðarsvæði, óbyggð svæði, opin svæði, strandsvæði, vötn, ár, sjó og frístundabyggð sem kveða á um vernd samkvæmt 61. gr.

Í forsendum aðalskipulags er lögð áhersla á að við skipulag frístunda- og íbúðarbyggðar skuli forðast röskun á vistgerðum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þrátt fyrir það eru mörkuð byggingarsvæði á hraunum, votlendi og birkikjarri sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum.

Í flokki frístundasvæða má nefna F5 Helgastaði sem eru á hrauni með birkikjarri, F9 Hraunsnef þar sem votlendi er til staðar, og svæðin F60, F70 og F71 sem liggja á votlendi. Einnig eru F125 Reyðarfellsskógur, F126 Seleyrarland og F127 Kaldármelar skilgreind á svæðum þar sem finna má hraun, votlendi og birkikjarr, og tekið er fram í forsendum að áhrif á vernduð svæði verði neikvæð. Af svæðum fyrir íbúðabyggð má sérstaklega nefna Ánastaði og vestan Borgarvogs, þar sem umhverfismat staðfestir að um sé að ræða votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi, með röskun á fuglabúsvæðum, jarðvegi og gróðri sem óhjákvæmilegri afleiðingu.

Hér er því um augljóst ósamræmi að ræða: annars vegar er sett fram stefna um að forðast röskun, en hins vegar eru skilgreind byggingarsvæði á vernduðum vistgerðum. Mikilvægt er að þetta ósamræmi verði leiðrétt í aðalskipulaginu sjálfu. Ekki má vísa ábyrgðinni til síðari stiga skipulagsferlisins, heldur þarf að tryggja að aðalskipulagið feli ekki í sér heimild til uppbyggingar á svæðum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Framkvæmdarleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vegagerð

Í aðalskipulaginu eru þrjár vegaframkvæmdir sem líklegar eru til að hafa mest umhverfisáhrif: færsla Hringvegur austur fyrir Borgarnes, tilfærsla Snæfellsnesvegur og endurbætur á Uxahryggjavegi.

Sveitarfélagið bendir á að færsla hringvegur hafi áhrif á leirur og votlendi, og að Uxahryggjavegur sé háður mati á umhverfisáhrifum þar sem framkvæmdin veldur umtalsverðri röskun á vistkerfum. Snæfellsnesvegur er talinn hafa hófleg áhrif þar sem hann liggur nú þegar í gegnum byggð.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allar þessar framkvæmdir fela í sér röskun vistgerða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013. Í gögnum er ekki fjallað um brýna almannahagsmuni sem gætu réttlætt slíka röskun, né eru valkostir metnir með fullnægjandi hætti.

Skógrækt

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt gerðir hafi verið samningar um skógrækt á tilteknum jörðum, geta slíkir samningar ekki gengið framar ákvæðum náttúruverndarlaga. Skógrækt má ekki fara fram á svæðum sem falla undir 61. eða 70. gr. laganna, jafnvel þótt þegar hafi verið samið um nýtingu lands til skógræktar.

Í aðalskipulagsgögnum kemur fram að sveitarfélagið hafi að hluta til sett sérstök ákvæði fyrir hvern skógræktarreit, m.a. til að vernda votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi. Það er þó augljóst að þessari vinnu er ekki lokið og að afmörkun og skilyrði eru víða of almenn til að tryggja raunverulega vernd.

Þannig eru tilgreindir skógræktarreitir, m.a. **SL-72, SL-73, SL-74** og **SL-15**, staðsettir í votlendi sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Nauðsynlegt er að endurskoða skógræktarreiti með markvissari hætti, þannig að skýrt sé hverju má raska og hvaða svæði njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.”

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda

óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“

Pótt áhersla hafi einkum verið á áhrif skógræktar á votlendi og ásýnd lands, hefur hún einnig víðtæk áhrif á vistgerðir, fuglalíf og líffræðilegan fjölbreytileika. Skógrækt getur breytt búsvæðum fugla til langs tíma og valdið álagi og raski í fjölbreytileika plantna og dýra. Slík áhrif eru ekki aðeins bundin við einstaka reiti heldur geta haft áhrif á heilu vistkerfin. Það er því mikilvægt að meta áhrif skógræktar á vistgerðir og fuglalíf með sama hætti og á votlendi og ásýnd, og tryggja að stefna sveitarfélagsins um skógrækt stuðli að vernd líffræðilegs fjölbreytileika til framtíðar.

Í aðalskipulagi Borgarbyggðar kemur fram stefna um að stuðla að vernd og viðhaldi líffræðilegs fjölbreytileika. Í ljósi þess er mikilvægt að meta áhrif skógræktar á vistgerðir og fuglalíf með sama hætti og á votlendi og ásýnd, og tryggja að stefna sveitarfélagsins um skógrækt styðji markmið um vernd líffræðilegs fjölbreytileika til framtíðar.

Alþjóðaflugvöllur á Mýrum

Í aðalskipulagi kemur fram að skoðaðir verði kostir og gallar þess að reisa alþjóðaflugvöll á Mýrum. Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið Mýrar og Löngufjörur sé á náttúruuminjaskrá vegna verndargildis. Þar eru víðáttumikil votlendissvæði, að hluta lítt röskuð, sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Á svæðinu finnast vistgerðir með hátt verndargildi, svo sem sjávarfitjungsvist og runnamýravist, auk þess sem það er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Fjölmargar tegundir dvelja þar eða hafa viðkomu, meðal annars blesgæs, margæs, rauðbrystingur, sanderla og jarðrakan, auk lunda sem er í bráðri hættu, toppskarfs sem er í yfirvofandi hættu og hafarnar, sem á þar annað helsta varpsvæði sitt á Íslandi.

Svæðið fellur undir alþjóðleg viðmið um vernd vistkerfa og fugla, sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða með aðild að Ramsar- og Bernarsamningnum, auk samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Smávirkjanir við skála

Í greinargerð er gert ráð fyrir að heimilt sé að reisa allt að 10 kW vindrafstöð við skála á afréttinum, eða setja sólarcellur á eða við hús, auk þess sem heimilt er að rafvæða skála verði það talið fýsilegur kostur.

Náttúruverndarstofnun bendir á að umhverfisáhrif slíkra framkvæmda ráðist ekki fyrst og fremst af afli þeirra, heldur af stærð og hæð mannvirkjanna í landslagi. Mikilvægt er að í aðalskipulagi verði sett skýr hæðartakmörk fyrir vindrafstöðvar, t.d. 10–15 metrar, til að draga úr sjónrænum áhrifum, sérstaklega í afréttarlöndum þar sem ásýnd og viðerni njóta verndar samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Vindorka á iðnaðarsvæðum

Í greinargerð kemur fram að heimilt sé að reisa stakar vindmyllur á iðnaðarsvæðum, allt að 5 MW og 50 m háar, með ákveðnum fjarlægðarskilyrðum frá byggð, háspennulínunum og vegum. Einnig er tekið fram að vindmyllur séu ekki leyfðar innan friðlýstra svæða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt þessi ákvæði setji ákveðinn ramma, þá er mikilvægt að umhverfisáhrif vindmylla ráðist ekki aðeins af hljóðvíst og skuggaflökti, heldur einnig af sjónrænum áhrifum, fuglalífi, vistgerðum og verndarsvæðum skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Þá er jafnframt mikilvægt að árétta að vindmyllur mega ekki skerða vernd eða friðlýsingarskilmála friðlýstra svæða í nágrenni, í samræmi við 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Því er brýnt að allar ákvarðanir um vindmyllur, jafnvel á iðnaðarsvæðum, kalli á ítarlegt mat á þessum þáttum og samráð við Náttúruverndarstofnun.

Óbyggð víðerni

Í greinargerð aðalskipulags kemur fram að hluti afrétta í Borgarbyggð teljist til óbyggðra víðerna og að stefnt sé að því að mannvirki og umferð á hálendinu hafi sem minnst áhrif á víðerni og náttúrugæði. Einnig er vísað til kortlagningar Rannsóknaseturs Háskóla Íslands sem sýnir að innan sveitarfélagsins séu stór svæði sem uppfylla skilyrði um víðerni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að vernd víðerna er lögbundin samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Mikilvægt er að tryggja að stefna sveitarfélagsins sé útfærð með skýrum hætti í aðalskipulaginu til að vernda víðerni

Óbyggð víðerni eru skilgreind sem: *Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.*

Fuglalíf

Í greinargerð aðalskipulags er víða minnst á að votlendi, leirur og strandsvæði í Borgarbyggð séu mikilvæg búsvæði fugla. Sérstaklega er nefnt að Borgarvogur og Andakíl hafi mikið verndargildi sem fæðusvæði og varpsvæði fugla, og að uppbygging í nágrenni þeirra muni hafa neikvæð áhrif á fuglalíf.

Náttúruverndarstofnun bendir á að fuglalíf í Borgarbyggð hafi viðtækt verndargildi í lands- og alþjóðlegu samhengi. Svæðið er mikilvægt fyrir margar tegundir ábyrgðarfugla Íslands, þar á meðal spóa, heiðlóa, hrossagauk og stelk. Ísland ber alþjóðlega verndarskyldu gagnvart þessum tegundum samkvæmt Bernarsamningnum og AEWA-samningnum (Agreement on the Conservation of African-Eurasian Migratory Waterbirds).²

Rannsóknir sýna að stofnar mófugla séu að minnka á landsvísu og sérstaklega á Suðurlandi og að aukin landnotkun geti haft neikvæð áhrif á varp þeirra. Mófuglategundir hafa margar verið færðar um flokk í nýrri válistaflokkun Náttúrufræðistofnunar³ og teljast nú í nokkurri hættu (t.a.m. heiðlóa, spói og stelkur). Nauðsynlegt er að þetta mat komi fram í tillögunni og að skoðað verði hvernig hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum á vistgerðir og fuglalíf.

Rannsóknir á Suðurlandi hafa jafnframt sýnt fram á að mófuglar séu undir vaxandi álagi vegna landnotkunar, votlendisrasks, vegagerðar og uppbyggingar á svæðum sem áður voru nýtt til fæðuöflunar og varps. Það er ljóst að sambærilegir þættir geta haft áhrif í

² <https://www.natt.is/is/stofnunin/althjodlegt-samstarf>

³ Náttúrufræðistofnun – Válisti fugla 2025

Borgarbyggð þar sem áform eru uppi um frístundabyggð, íbúðabyggð, skógrækt og vegagerð á vistgerðum sem eru mikilvæg búsvæði fugla.

Sveitarfélagið hefur sett fram markmið um vernd líffræðilegs fjölbreytileika í aðalskipulagi, en til að þau markmið nái fram að ganga þarf að tryggja að uppbygging raski ekki helstu fuglasvæðum. Það er því nauðsynlegt að meta áhrif framkvæmda og skipulagsbreytinga á fuglalíf sérstaklega, með áherslu á votlendi, strandsvæði og opið mólendi sem eru lykilbúsvæði mófugla.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á eftirfarandi:

- Að við skipulag nýrra byggðareita, frístundasvæða og vegagerðar verði gerð ítarleg greining á fuglalífi og áhrifum á ábyrgðartegundir Íslands.
- Að sérstakt tillit verði tekið til válistaflokkunar frá 2025 þar sem margar algengar tegundir mólendisfugla eru skilgreindar sem viðkvæmar eða í hættu.
- Að skipulag taki mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands samkvæmt Bernarsamningnum.
- Að mótvægisáðgerðir, svo sem verndun votlendis og að tryggja óraskaðar fæðulendur, verði hluti af skipulagsvinnunni.

Hítará

Í greinargerð aðalskipulags kemur fram að heimilt sé að endurheimta árfarveg Hítarár með því að grafa skurð í gegnum berghlaup úr Fagraskógarfjalli og endurvekja um 7 km langan farveg árinna. Framkvæmdin felur í sér umfangsmikinn skurðgröft, allt að 350.000 m³ efnis, og frágang efnis á bökkum árinna. Vísað er í álit Skipulagsstofnunar í greinargerð.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í umsögn stofnunarinnar (þá Umhverfisstofnun) frá sama ári hafi verið lagt til að framkvæmdin væri matsskyld, þar sem hún felur í sér verulegt inngrip í merkilega jarðmyndun sem hefur hátt fræðslu- og verndargildi og gæti haft umtalsverð áhrif á vatnafar og vistkerfi Hítarár. Sérstaklega var bent á að ekki hefði verið fjallað nægilega um raunhæfa valkosti, þar á meðal núllkost og leið í Tálma, og að frekari rannsóknir á jarðefnasamsetningu, vatnafræði og áhrifum á fiskgengd væru nauðsynlegar.

Þar af leiðandi þarf að skoða mun nánar:

- Núllkosturinn – sá möguleiki að láta ána halda áfram að renna í nýjum farvegi var ekki greindur til hlítar.
- Samanburður á valkostum – valkostur 1 (að laga farveg í Tálma með laxastiga) var ekki metinn ítarlega þrátt fyrir að Umhverfisstofnun taldi hann líklegri til að valda minni raski.
- Grunnástand vatnakerfisins – upplýsingar um nýjar náttúrulegar hrygningarstöðvar og fæðusvæði laxfiska eftir berghlaupið lágu ekki fyrir.
- Jarðefnafræði og útskolun – ekki var fjallað nægilega um hugsanlega útskolun efna úr skriðunni og áhrif til langs tíma á lífríki Hítarár.
- Vistfræðilegir gæðaflokkar vatnshlota – ekki var gerð heildarúttekt á botngróðri, hryggleysingjum og efnafræðilegum þáttum samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

- Jarðmyndun og ásynd – rask á skriðunni var metið staðbundið, en ekki tekið tillit til þess að hún er einstök jarðmyndun með hátt fræðslu- og verndargildi.
- Stofnunin leggur áherslu á að framkvæmdin sé í eðli sínu ekki endurheimt í skilningi náttúruverndar, heldur gerð farvegs með manngerðum aðferðum. Berghlaup úr Fagraskógarfjalli var náttúrulegur atburður sem skapaði nýtt ástand í vatnafari Hítarár, þar sem áin hefur fundið sér farveg um Tálmu.

Að grafa skurð í gegnum skriðuna felur í sér óafturkræft jarðrask á jarðmyndun sem hefur sjálfstætt verndargildi sem dæmi um virk ferli landmótunar.

Vegir í náttúru Íslands

Náttúruverndarstofnun bendir á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi innan náttúru Íslands skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri